

Fyrsti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn mánudaginn 28. september 2015, klukkan 17:00. Fundurinn var haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, en áður en formlegur fundur hófst hittumst við á vinnustofu Steinunnar Þórarinsdóttur myndhöggvara að Sólvallagötu 70.

Fyrsti fundur vetrarins hófst á vinnustofu Steinunnar Þórarinsdóttur myndhöggvara að Sólvallagötu 70. Kristín Bjarnadóttir formaður deildarinnar bauð okkur velkomnar á þennan fyrsta fund um leið og hún kynnti Steinunni til sögunnar.

Steinunn bauð okkur hjartanlega velkomnar. Hún byrjaði á að segja aðeins frá listferli sínum og frá sjálfri sér. Hún sagði að eftir stúdentspróf hefði ekkert annað komist að hjá henni en að læra myndlist. Hún útskrifaðist sem myndlistarmaður 1980, hún stundaði nám bæði í Bretlandi og á Ítalíu. Steinunn sagði að á Ítalíu hafi hún fengið hefðbundið klassískt listnám, í sinni list færir hún klassíkina til nútímans með því að vinna þessi þrívíðu form m.a. í ál og gler. Steinunn sagði að þegar hún fór að vinna í þrívídd hafi henni liðið eins og hún væri komin heim, eftir það gekk einhvern allt veginn upp hjá henni.

Maðurinn, tilvist hans og tilfinningar hafa verið viðfangsefni Steinunnar frá upphafi hennar listferils. Hún sagði að í raun hafi hún bara fengið eina hugmynd til að vinna með í list sinni og að sú hugmynd hafi reynst henni afar vel. Fyrst vann hún með litlar figúrur og bjó hún til lítinn heim úr þeim. Á seinni árum fór hún að gera figúrnar í fullri stærð.

Figúrur hennar eru kynlaus tákn mennskunnar, þær eru hvorki maður né kona. Eldri sonur hennar hefur verið hennar helsta fyrirmynd. Hún er ekki að reyna að elta raunveruleikann, hún sagðist vera aðeins við hliðina á honum. Figúrur hennar innihalda einhvers konar lífrænan sprengikraft bæði í áferð og formun. Hún notar mismunandi efni til að þjóna hugmyndum verka sinna. Verk Steinunnar hafa frá upphafi tengst íslenskri náttúru sterkum böndum. Þessir figúratífu skúlptúrar mörkuðu strax verkum hennar ákveðna sérstöðu í íslenskum myndlistarheimi. Samtal mannsins við náttúruna, umhverfi sitt og samfélagið er leiðarstef í list hennar.

Steinunn hefur haldið sýningar hér heima og einnig fjölmargar einkasýningar víða um heim auk þátttöku í fjölda samsýninga og listamessa. Verk Steinunnar er að finna bæði í einkasöfnum og í opinberum söfnum víða um heim. Nú um stundir eru tvær farandsýningar á verkum hennar erlendis.

Steinunn vannur alla daga og sagði að það væri mjög mikilvægt að halda alltaf áfram að vinna og gefast aldrei upp. Hún leiddi okkur um vinnustofuna sína og sýndi okkur nokkur verk bæði fullbúin og önnur sem eru í vinnslu og útskýrði hún lítillaga vinnuferlið. Klukkan 18:00 þakkaði Kristín Steinunni fyrir góða kynningu og þessa ómetanlegu stund á vinnustofunni og færði henni rós í þakklætisskyni.

Fundarsetning Þá var haldið í Safnahúsið við Hverfisgötu þar sem við komum okkur fyrir í vistlegri kaffistofunni. Klukkan 18:30 setti Kristín Bjarnadóttir, formlegan fund og bauð konur velkomnar á fyrsta fund vetrarins. Hún kveikti á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

Tekið fyrir á formlegum fundi: Í upphafi fundar bað Kristín konur um að rísa úr sætum og minnast, okkar góðu Gammasystur, Rannveigar Löve. Þá tók Björk varaformaður nafnakall, alls sóttu 26 konur fundinn.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh-Dao, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Fundargerð lesin Svana las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Orð til umhugsunar Vilborg kom með nýútgefna ljóðabók sína. Í bókinni er að finna öll ljóð Vilborgar úr fyrri bókum hennar, ásamt þýðingum hennar. Bókin, sem er afar falleg, er öll hin vandaðasta, hún er í einstaklega fallegu bandi.

Vilborg las nokkur ljóð úr bókinni sem nefnist *Ljóðasafn*. Áður en hún las hvert ljóð sagði hún lítillaga frá tilurð þess. Fyrsta ljóðið sem hún las fjallar um æskustöðvar hennar og talaði Vilborg um að það væri skrítið að lesa upp ljóð um stað sem er ekki lengur til. Hún sagði að það væri bókstaflega búið að moka honum burt og þar með eyðileggja landslagið á þessum stað. Við nutum þess að hlusta á fallegan upplestur Vilborgar og var henni þakkað fyrir með lófataki.

Matur borinn fram Matur var borinn fram, boðið var upp á súpu og brauð.

Kristín Bjarnadóttir sagði frá Anh Daho og hennar mikla afreki sem er að hafa lokið við það stóra verkefni að skrifa doktorsritgerð. Kristín bað Anh Daho um að segja í örfáum orðum frá innihaldi verkefnisins. Þá fluttu Guðný Helgadóttir og Ingibjörg Einarsdóttir fréttir af Evrópuráðstefnu DKG sem haldin var í Boraas í Svíþjóð í sumar. Það kom fram að þingið hafi verið afar vel sótt af okkar konum. Einnig kom fram að sex íslenskar konur hafi verið með málstofur, alls voru málstofurnar þrjátíu og ein. Leiðarstef ráðstefnunnar var sjálfbærni.

Þá var borið fram kaffi og sætabrauð. Kristín Bjarnadóttir minnti á spil sem eru til sölu. Kristín Jónsdóttir kynnti 40 ára afmælishátíð DKG á Íslandi. Hátíðin verður haldin í Borgartúni laugardaginn 7. nóvember. Það verður mjög sennilega málþing og yfirskrift þess verður “Unga nútímakonan”. Kostnaður verður kr. 4900.

Innheimta félagsgjalda Ragnhildur Þórarinsdóttir gjaldkeri minnti á að félagsgjöld verða innheimt fljótlega. Upphæðin er kr. 12,000.

Fundarlok Næsti fundur var kynntur, hann verður haldinn í Háaleitisskóla, Hvassaleitisstarfsstöð miðvikudaginn 21. október. Klukkan 20:00 sleit Kristín fundi, hún slökkti á kertunum þremur um leið og hún minntist vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.